

Fundur haldinn í **Héraðsnefnd Austur-Húnavetninga** mánudaginn, 2. maí 2005, kl. 13:30 í Kaffi Viðvík á Skagaströnd.

Mættir: *Adolf Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Björn Magnússon, Erlendur G. Eysteinnsson, Jóhann Guðmundsson, Jóna Fanney Friðriksdóttir, Magnús B. Jónsson, Margrét Einarsdóttir, Jón B. Bjarnason, Jóhanna G. Jónasdóttir, Rafn Sigurbjörnsson, Sigurður Jóhannesson, Tryggvi Jónsson, Valgarður Hilmarsson og Þórdís Hjálmarsdóttir.*

Valgarður Hilmarsson, oddviti og framkvæmdastjóri Héraðsnefndar setti fundinn og stjórnaði honum. Tilnefndi hann Jónu Fanneyju Friðriksdóttur sem fundarritara og samþykkti fundurinn það.

Dagskrá:

- 1. Kynning á starfsemi Tónlistarskóla A-Hún.**
- 2. Kynning á starfsemi HSB.**
- 3. Bygging heilsugæslu á Skagaströnd.**
- 4. Sorpförgunarverkefnið.**
- 5. Svæðisskipulag.**
- 6. Uppsögn Bryndísa B. Guðjónsdóttur.**
- 7. Önnur mál.**

Afgreiðslur:

- 1. Kynning á starfsemi Tónlistarskóla A-Hún.**

Mættur var Skarphéðinn Einarsson, skólastjóri og kynnti hann starfsemi Tónlistarskólans. Fram kom að skráðir eru 171 nemandi við skólann sem er með því mesta sem verið hefur. Þar ef eru rúmlega 60 í námi á Húnavöllum, hátt í 40 á Skagaströnd og hátt í 70 nemendur sækja tónlistarnám á Blönduósi. Fastráðnir kennarar eru 6 við skólann og tveir eru í hlutastarfi. Með Skarphéðni voru mættir nemendur úr Tónlistarskólanum og léku þeir á hljóðfæri fyrir fundargesti.

Skólastjóri ásamt nemendum vék af fundi að loknum þessum lið.

- 2. Kynning á starfsemi HSB.**

Valbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri HSB og Sveinfríður Sigurpálsdóttir, hjúkrunarforstjóri voru mætt á fundinn. Framkvæmdastjóri kynnti það helsta í starfsemi HSB. Fram kom m.a. í kynningu að tekið hefur verið í gagnið nýtt sjúklingabókhaldskerfi og að töluverð vinna hafi farið fram við nýjan árangursstjórnunarsamning með heilbrigðisráðuneytinu. Innkaupastefna var innleidd hjá stofnuninni og unnið að þjónustusamningi við dvalarheimilið Sæborgu á Skagaströnd. Fram kom að stofnuninni hafa borist góðar gjafir frá félagasamtökum og einstaklingum, s.s. nýtt hjartalínurit og sjónvörp. Töluvert var unnið að endurbótum fasteigna og viðhaldi húsa. Rekstrarreikningum áranna 2003 og 2004 var dreift til fundarmanna. Tekjuafgangur ársins 2003 var 13,4 mkr og 6,4 mkr árið 2004. Jafnframt var ársreikningi dvalardeildarinnar deilt til fundarmanna. Framkvæmdastjóri ítrekaði mikilvægi fjölgunar hjúkrunarrýma í stað dvalardeildarrýma.

Framkvæmastjóri og hjúkrunarforstjóri HSB svöruðu fyrirspurnum fundarmanna og viku af fundi að loknum 3ja lið hér að neðan.

3. Bygging heilsugæslu á Skagaströnd.

Magnús B. Jónsson rifjaði upp stöðu mála vegna byggingar heilsugæslu á Skagaströnd og dreifi hann teikningum sem gerðar eru af Birni Kristleifssyni, hönnuði. Fram kom að á fjárlagaárinu 2004 fengust 5 mkr. til hönnunar heilsugæslunnar og á árinu 2005 var 25 mkr. úthlutað á fjárlögum. Greindi Magnús frá því að ekki liggur fyrir kostnaðaráætlun en skv. starfsmanni heilbrigðisráðuneytisins má vænta að bygging heilsugæslunnar muni kosta í kringum 45 mkr. Verið er að hanna útboðsgögn og er líklegt að framkvæmdir hefjist í september nk. Vonast er til að húsið verði komið í not að ári liðnu. Umræður urðu að kynningu lokinni.

4. Sorpförgunarverkefnið.

Magnús B. Jónsson kynnti stöðu verkefnisins f.h. undirbúningshópsins sem jafnframt eiga sæti í þau Bjarni Maronsson og Jóna Fanney Friðriksdóttir. Fram kom að verið er að kanna nánar möguleika á sorpbrennslumöguleikum í tengslum við sorpurðunina. Því hefur verkefnið tafist þar sem hópurinn telur mikilvægt að sorpbrennsla verði könnuð til hlítar sérstaklega m.t.t. aukinna krafna og reglugerða sem kveða á um bönnun á urðun ákveðinna sorptegunda. Umræður urðu um málið.

5. Svæðisskipulag.

Valgarður Hilmarsson fór yfir stöðu mála. Gögn hafa verið send til allra sveitarfélaga til umsagnar og rennur frestur út 1. júní nk. Berist ekki athugasemdir fyrir þann tíma telst svæðisskipulagið samþykkt. Miklar umræður urðu um einstök mál er lúta að svæðisskipulaginu s.s. vegstæði við Svínvetningabraut og Þjóðgarð á Skaga.

6. Uppsögn Bryndísa B. Guðjónsdóttur.

Fram lagt uppsagnarbréf frá Bryndísi B. Guðjónsdóttur, fyrrum framkvæmdastjóra Héraðsnefndar, dags. 10. mars 2005 en hún hefur verið í ársleyfi frá störfum. Ljóst er að Bryndís mun ekki snúa aftur til starfa 1. júlí nk. Umræður urðu um eftirfarandi atriði.

- 1) Samning við Höfðahrepp varðandi bókhald
- 2) Framkvæmdastjórstöðu Héraðsnefndar A-Hún en Valgarður Hilmarsson, oddviti hefur gengt starfinu í fjarveru Bryndísa.

Ákveðið að fresta ákvörðunartöku um þessi málefni til næsta fundar.

7. Önnur mál.

- a. **Bréf frá USAH. dags. 22. 4. 2005.** Óskað er eftir rekstrarstyrk til USAH að upphæð kr. 2,4 mkr. en hingað til hafa rekstrarstyrkir farið í gegnum sveitarfélög í sýslunni. Erindinu er vísað til afgreiðslu í sveitarstjórnnum.
- b. **Erindi frá stjórnarformanni Textílseturs Íslands. dags. 6. 4. 2005.** Óskað er eftir aðstöðu fyrir Textílsetrið í húsnæði gamla Kvennaskólans. Lagt er til að héraðsráð fundi með formanni stjórnar Textílsetursins.
- c. **Erindi frá Helga Arnarssyni. dags. 5. 4. 2005.** Helgi fer þess á leit við Héraðsnefnd að fá húseignina að Árbraut 35 keypta. Svohljóðandi tillaga var samþykkt samhjóða: "Héraðsráð leggur til að héraðsnefnd heimili að hafnar verði viðræður við menntamálaráðuneytið um sölu íbúðarhúsanna að Árbraut 33 og 35. Jafnframt verði rætt við ráðuneytið um nýtingu kvennaskólahússins".

- d. Tillaga um fjárframlög til SSNV.** Svohljóðandi var samþykkt samhljóða: “Héraðsnefndarfundur haldinn 2. maí 2005 beinir þeim tilmælum til stjórnar SSNV að teknar verði saman greiðslur sveitarfélaganna til SSNV vegna atvinnuþróunarstarfs á starfssvæði samtakanna og jafnframt að stjórnin geri tillögur um að jafna greiðslur milli sveitarfélaganna með tilliti til íbúafjölda”.
- e. Björn Magnússon minnti á menningarráð sem skipað var á ársþingi SSNV.** Jafnframt vildi hann koma á framfæri að héraðsráðið fjallaði um skerta fjármuni til byggðasafna á árinu þar sem sýnt þykir að verið er að færa fjármuni frá ríki til sveitarfélaga.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:00.

Valgarður Hilmarsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)